



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

52. ársþing Judosambands Íslands

Haldið í B+C sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

Sunnudaginn 21. maí 2021 kl. 11:00

1. Þingsetning.

Jóhann Másson formaður JSÍ setur þing. Þýður gesti velkomna.

Biður fundarmenn um að minnast Össurar Torfasonar sem lést í apríl. Össur var einn af stofnfélögum JSÍ.

Tveimur stofnfélögum JSÍ veitt gullmerki í tilefni af 50 ára afmæli sambandsins. Þetta eru þeir Hafsteinn Pálsson og Jón Ögmundur Þormóðsson.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Stjórn tilnefnir Jón Hlíðar Guðjónsson, Hans Rúnar Snorrason og Birgi D. Sigurjónsson Tillaga samþykkt, kjörbréfanefnd tekur til starfa. 18 kjörbréf voru send út. 18 atkvæði gild á þinginu.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Gerð tillaga um að Arnar Freyr Ólafsson varaformaður JSÍ verði fundarstjóri og Ari Sigfússon ritari JSÍ verði fundarritari. Tillaga samþykkt.

4. Kosnar fastar nefndir

Stjórn gerir tillögu að eftirtalinni nefndarskipan:

a) **Fjárhagsnefnd:** Gísli Egilson, Bergur Pálsson og Daníela Daníelsdóttir. Tillaga samþykkt.

b) **Laga- og leikreglanefnd:** Hans Rúnar Snorrason, Eyjólfur Orri Sverrisson og Bjarni Ásgeir Friðriksson. Tillaga samþykkt.

c) **Allsherjarnefnd:** Jón Hlíðar Guðjónsson, Sigmundur Magnússon og Grétar Karlsson. Tillagan samþykkt.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Jóhann Másson fer yfir störfina á liðnu ári. Sjá nánar í ársskýrslu JSÍ 2022 sem dreift var á fundinum og birt er á vef JSÍ.

Niðurstaða kjörbréfanefndar var kynnt að loknum 5. lið (skýrslu stjórnar). Hans Rúnar gerði grein fyrir niðurstöðu. 18 kjörbréf voru send út og 18 fulltrúar mættir. Sjá einnig lið 2.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar

Gísli Egilson gjaldkeri JSÍ leggur fram og kynnir ársreikning. Reikningar samþykktir samhljóða.



7. **Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.**
Gísli Egilson gjaldkeri JSÍ kynnir tillögu að fjárhagsáætlun. Vísað til fjárhagsnefndar.

8. **Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið**

Jóhann Másson fer yfir þingskjöl. Alls bárust 3 þingskjöl. Öllum þingskjölum vísað til laga- og leikreglnanefndar til meðhöndlunar.

Þingskjölin eru:

Þingskjal 1. Stjórn JSÍ leggur að bætt verði inn nýrri grein í lög JSÍ sem verði grein nr. 16 sem hljóði svo:

„16. gr. Stjórn JSÍ getur vísað iðkanda og eða félagi tímabundið eða ótímabundið úr Judosambandinu ef háttsemi iðkanda eða félagsins kastar rýrð á JSÍ, iðkandi eða félagið fer ekki að lögum eða reglum JSÍ eða háttsemi iðkanda eða félags stefnir hagsmunum JSÍ í voða. Það verður þó ekki gert nema á ársþingi JSÍ eða aukþingi og þá með samþykki 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna.“

Þingskjal 2. Tækniráð leggur til breytingu á gráðureglum JSÍ. að bætt verði við grein 1.10 undirstrikuðum texta:

1.10 Heiðursgráðu og undanþágu frá gráðuskilyrðum er hægt að veita með samþykki stjórnar JSÍ. Tillögur þess efnis með rökstuðningi skulu sendar stjórn JSÍ og koma frá stjórnnum judofélaga en ekki einstaklingum og vísar stjórn erindinu til tækniráðs til umsagnar. Vinnuframlag til JSÍ skal haft til hliðsjónar þegar virkni innan íþróttarinnar er metin. Skilyrði er að judoka sem veita á undanþágu sé virkur iðkandi. Judoka sem veitt var heiðursgráðun eða fékk undanþágu frá gráðuskilyrðum öðlast ekki sjálfkrafa réttindi til næstu gráðunar.

Þingskjal 3. Tækniráð leggur til breytingu á gráðureglum, að bætt verði við 9. lið í 10. grein mótareglna sem orðist svo:

9.) Hvert félag má fá einn lánsmann í hverja sveit úr öðru félagi hvort heldur innlendu eða erlendu í aldursflokkum U18, U21 og senioraflokki.

Fundarstjóri gerir þinghlé frá 11:48 til 12:20. Nefndir taka til starfa.

Þing hefst að nýju.

Hafsteinn Pálsson ávarpar þingið fyrir hönd ÍSÍ. Flytur kveðju stjórnar. Minnst á mikilvægi íslenskrar Getspár og Getrauna. Ræðir einnig um samskiptaráðgjafa og mikilvægi þess embættis. Óskar þess að judoþing verði starfssamt og að judoíþróttin megi dafna.

9. **Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær**

a) **Frá fjárhagsnefnd. Tekin fyrir fjárhagsáætlun.**

Gísli Egilson fer yfir tillögu lítillaga breytta úr fjárhagsnefnd.

Atkvæðagreiðsla fer fram. **Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.**



b) Frá laga- og leikreglanefnd.

Bjarni Friðriksson gerir grein fyrir niðurstöðum nefndar og skjöl tekin jafn óðum til atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 1. Nefnd leggur til að gerð verði smávægileg breyting á skjali er snýr að aðkomu aganefndar. **Samþykkt samhljóða.**

Þingskjal 2. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. **Samþykkt samhljóða.**

Þingskjal 3. Umræða um hvort sami keppandi geti keppt fyrir fleiri en eitt félag í sitthvorum aldursflokknum. Þingheimur sammála um að mótin séu aðskilin og því ekkert því til fyrirstöðu að lánsmaður keppi fyrir fleiri en eitt félag. Einnig samkomulag um að lán á liðsmanni skuli vera gert með samþykki félags viðkomandi lánsmanns. **Samþykkt samhljóða.**

c) Allsherjarnefnd

Engin erindi voru send til allsherjarnefndar. Jón Hlíðar þakkaði fyrir kaffiveitingar.

10. Kjör heiðursformanns

Engar tillögur lágu fyrir um kjör á heiðursformanni.

11. Önnur mál

Tryggvi Gunnarsson tók til máls um kvennajúdo og mikilvægi þess að hafa kvenkyns þjálfara hjá kvenkyns iðkendum. Ræddi einnig um sveitakeppnina og fækkun keppenda.

Hans Rúnar Snorrason tók til máls um tímasetningu judoþings. Mjög óheppilegt fyrir norðanmenn að hafa þingið á sunnudegi kl. 11. – fundaraðstaða ÍSÍ er þétt setin og því mikilvægt að næsta stjórn bóki fundarastöðu í tíma.

Arnar Ólafsson um fyrirkomulag Íslandsmóts. Að aldursflokkamót sé haldið á undan keppni í senior flokki.

Tryggvi Gunnarsson tók til máls um mikilvægi þess að bóka ekki mót ofan í prófatíma framhalds- og háskólanema.

Birgir Júlíus Sigurjónsson tók til máls um val landsliðsþjálfara í hóp á Smáþjóðaleika.

Jóhann Másson svaraði Birgi. Svokallaður long-list fyrir mót var gefinn út í nóvember og ekki hægt að breyta.

Arnar Ólafsson tekur til máls og minnir á mikilvægi þess að landsliðsþjálfari sé í góðu sambandi við klúbbþjálfara.



12. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara

Stjórn JSÍ gerir tillögu að eftirtöldum aðalmönnum í aganefnd.

- Teitur Sveinsson
- Jón Egilsson
- Víkingur Víkingsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að aðalmönnum í aganefnd.

Aðalmenn eru því: Teitur Sveinsson, Jón Egilsson, Víkingur Víkingsson

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum varamönnum í aganefnd.

- Tryggvi Gunnarsson
- Daníel Reynisson
- Halldór Sveinsson

Ekki gerðar aðrar tillögur að varamönnum í aganefnd.

Varamenn eru því: Tryggvi Gunnarsson, Daníel Reynisson og Halldór Sveinsson

Tryggvi Gunnarsson vekur athygli á því að betur færi á að ekki væru allir aðalmenn úr einu félagi og varamenn einnig allir úr öðru félagi.

13. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og skoðunarmanna

Á oddatölu ári eru formaður í kjöri auk tveggja stjórnarmanna. Að auki hefur Bjarni Skúlason sem kjörinn var til tveggja ára á þingi 2022 tilkynnt um brotthvarf úr stjórn af persónulegum ástæðum. Því þarf að kjósa nýjan fulltrúa til eins árs í stað Bjarna.

Jóhann Másson er einn í framboði til formanns. Kjörinn með lófataki.

Tveir aðalmenn í stjórn til tveggja ára. Ari Sigfússon og Ásgeir Erlendur Ásgeirsson gefa einir kost á sér. Kjörnir með lófataki.

Fulltrúi til eins árs í stað Bjarna. Stjórn gerir tillögu að Daníela Daníelsdóttir taki sæti sem aðalmaður til eins árs. Ekki koma aðrar tillögur. Daníela kjörin með lófataki.

Kjörnir aðalmenn í stjórn eru því: Jóhann Másson formaður, Ari Sigfússon, Ásgeir Erlendur Ásgeirsson og Daníela Daníelsdóttir.

Kosið um 3 varamenn í stjórn JSÍ.

Stjórn leggur til að varastjórn verði skipuð eftirtöldum aðilum:

1. vm. Sigmundur Magnússon (KA)
2. vm. Aleksandra Lis (ÍR)
3. vm. Logi Haraldsson (JR)

Tillagan borin upp og samþykkt með lófataki.

1.varamaður er því Sigmundur Magnússon. 2. varamaður er Aleksandra Lis (ÍR) og 3. varamaður er Logi Haraldsson



Skoðunarmenn reikninga.

Runólfur Gunnlaugsson er sjálfkjörinn skoðunarmaður reikninga og Gísli Jón Magnússon sjálfkjörinn varamaður.

14. Þingslit

Jóhann Másson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir þing og sleit þingi um kl. 13:10

Sjá nánar töflur yfir stjórnar- og nefndarmenn á öftustu síðu.





Tafla 1. Nöfn og kjörtímabil aðalstjórnarmanna JSÍ.

Aðalstjórn (skiptir með sér verkum á fyrsta fundi)			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jóhann Másson	Formaður	2023	2024
Ari Sigfússon	Meðstjórnandi	2023	2024
Ásgeir Ásgeirsson	Meðstjórnandi	2023	2024
Arnar Freyr Ólafsson	Meðstjórnandi	2022	2024
Karen Rúnarsdóttir	Meðstjórnandi	2022	2024
Gísli Egilson	Meðstjórnandi	2022	2024
Daníela Daníelsdóttir	Meðstjórnandi	2023	2024

Tafla 2. Nöfn varastjórnarmanna JSÍ 2023-2024

Varastjórn			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Sigmundur Magnússon	1.varamaður	2023	2024
Aleksandra Lis	2.varamaður	2023	2024
Logi Haraldsson	3.varamaður	2023	2024

Tafla 3. Skipan aganefndar 2023-2024

Aganefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jón Egilsson	Aðalmaður	2023	2024
Teitur Sveinsson	Formaður	2023	2024
Víkingur Víkingsson	Aðalmaður	2023	2024
Tryggvi Gunnarsson	Varamaður	2023	2024
Daníel Reynisson	Varamaður	2023	2024
Halldór Sveinsson	Varamaður	2023	2024

Tafla 4. Skoðunarmenn reikninga 2023-2024

Skoðunarmenn reikninga			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Runólfur Gunnlaugsson	Skoðunarmaður	2023	2024
Gísli Jón Magnússon	Varaskoðunarm.	2023	2024